

Nd.

142. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Jóni Ívarssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. B.
 - a. 1. tölul. orðist svo:

Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum sem hér segir: af öllum íslenskum fiskafurðum, þar á meðal sild og sildarafurðum, hverju nafni sem nefnast, sem fluttar eru til útlanda, skal umfram lögmælt útflutningsgjald greiða í fiskveiðasjóð Íslands $\frac{1}{2}\%$ gjald af verði afurðanna. Um innheimtu þessa gjalds fer eftir lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.
 - b. 2. töluliður falli niður, og liðatalan breytist samkv. því.
2. Við 6. gr. Í stað „4% — fjórir af hundraði“ komi: $4\frac{1}{2}\%$ — fjórir og hálfur af hundraði.
3. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: og enn fremur lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, og lög nr. 35 8. sept. 1931, um breyting á þeim lögum.